

Alþingi
Erindi nr. P 135/2562
komudagur 7.5.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 6. maí 2008

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Framhaldsumsögn um frv. til innheimtulaga (324. mál) .

Með bréfi til viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2008, gerðu SFF athugasemdir við frumvarp til innheimtulaga, 324 mál. Í kjölfarið mættu fulltrúar frá SFF á fund viðskiptanefndar þar sem fulltrúar SFF gerðu grein fyrir athugasemdum samtakanna við frumvarpið. Eftir þann fund óskaði nefndin þess að SFF skoðuðu málið betur í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, með það fyrir augum að koma með heildstæðar athugasemdir um hvernig gera mætti bragarbót á frumvarpinu SFF áttu góð samskipti við Fjármálaeftirlitið um málið en aðilar urðu sammála um að framhaldsumsögnin kæmi frá SFF. Í athugasemdum SFF, sem hér fylgja á eftir, hefur verið tekið tillit til fjölda þeirra atriða sem fram komu í upphaflegum athugasemdum FME til viðskiptanefndar.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það tekur mið af norskum innheimtulögum. SFF hafa kynnt sér löggjöf í Noregi og Danmörku á þessu sviði. Eftir þá skoðun telja samtökin dönsku innheimtulögin heppilegri fyrirmynd að íslenskri löggjöf en þau norsku. Í dönsku lögunum er farin önnur leið en sú leið sem valin er í frumvarpinu. Má nefna að í dönsku lögunum eru gerðar meiri hæfiskröfur til aðila sem óska eftir að fá leyfi til að stunda innheimtustarfsemi en á móti gera lögin ekki ráð fyrir umfangsmiklu eftirliti opinberra aðila með innheimtufyrirtækjum. Þá er í dönsku lögunum tekið fram hvert leyfisgjald vegna starfsleyfis skuli vera. Þar er heldur ekki gert ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð um hámark innheimtuþóknunar, eins og í frumvarpinu, heldur er innheimta óhæfilegrar þóknunar brot á lögunum. Eru dönsk lög um innheimtu, sem fylgja þessari samantekt, því að miklu leyti grundvöllur þeirra breytinga sem samtökin leggja til að gerðar verði á frumvarpinu.

Áður en gerð er grein fyrir einstökum athugasemdum vilja SFF ítreka að þau eru fylgjandi setningu innheimtulaga. Slík löggjöf getur verið, ef vel tekst til við lagasetningu, mikilvæg réttarbót bæði fyrir skuldara og þá sem stunda innheimtustarfsemi. Til að sem best takist til er mikilvægt að vanda mjög til slíkrar löggjafar. Við smíði frumvarps til innheimtulaga er mikilvægt að taka mið af þeim aðstæðum sem skapast hafa síðustu ár á sviði innheimtustarfsemi og að hafa samráð við þá aðila sem sem slíka starfsemi stunda og aðra sem hagsmuni hafa af slíkri löggjöf. Frumvarpið sem nú er til umfjöllunar byggir á allt að 10 ára gömlu frumvarpi sem gerir ekki ráð fyrir nýjum hugtökum á þessu sviði, svo sem

fruminnheimtu og milliinnheimtu. Auk þess er í frumvarpinu, án mikillar umhugsunar að því er virðist, gert ráð fyrir verulegri útvíkkun á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. SFF hafa kynnt sér athugasemdir laganeftar Lögmannafélags Íslands og Fjármálaeftirlitsins og geta tekið undir athugasemdir þessara aðila við frumvarpið í meginatriðum. Að þessu sögðu telja SFF að besta leiðin til að ná fram sem vandaðastri löggjöf á þessu sviði sé að kalla saman alla helstu hagsmunaaðila til að vinna að nýju frumvarpi til innheimtulaga. Upplagt væri að nota tímann fram að haustþingi til þess. Telji viðskiptanefnd Alþingis ekki fært að fara þá leið vilja SFF koma á framfæri eftirgreindum athugasemdum við frumvarpið, sem að mati SFF eru lágmarksbreytingar sem nauðsynlegt er að gera á frumvarpinu.

Athugasemdir SFF við einstakar greinar frumvarpsins:

SFF telja nauðsynlegt að í upphafi frumvarpsins verði sérstakt ákvæði sem skilgreini hugtök sem notuð er í frumvarpinu. Þar er að mati SFF nauðsynlegt að skilgreina hugtökin fruminnheimta, milliinnheimta og löginheimta. Skilgreina má hugtökin með eftirgreindum hætti:

Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörðun skv. 7. gr.

Í nefndarálitinu með frumvarpinu væri eðlilegt að nefna að fruminnheimtu getur lokið með greiðslu kröfu, með milliinnheimtu eða með því að krafa er sent beint í löginheimtu þ.e. innheimtu hjá lögmanni á grundvelli réttarfarslaga.

Með milliinnheimtu átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. og og áður en löginheimta hefst.

Í nefndarálitinu væri eðlilegt að nefna að milliinnheimtu getur lokið með greiðslu kröfu eða með því að krafa er send í löginheimtu á grundvelli réttarfarslaga.

Með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga.

Um 1. gr.

SFF vísa til umsagnar samtakanna um frumvarpið frá 12. febrúar s.l. og taka einnig undir umfjöllun laganeftar Lögmannafélags Íslands um 1. gr. frumvarpsins og gildissvið laganna.

SFF leggja til orðalagsbreytingu á ákvæðinu sem miðar að því að taka af öll tvímæli um að frumvarpið taki ekki til löginheimtu. Þá þykir ástæða til að taka af tvímæli um að lögin taki ekki til innheimtu lögmanna, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða hjá fjármálafyrirtækjum eins og gert er í dönsku innheimtulögunum. Ekki er ástæða til að fjalla um innheimtustarfsemi lögmanna í lögunum þar sem að um þá er fjallað í lögum um lögmenn og um starfsemi þeirra gilda siðareglur lögmanna. Brot á siðareglunum varðar sviptingu lögmansréttinda skv. 14. gr. lögmannaalaga.

SFF leggja til að 1. mgr. 1. gr. verði orðuð á eftirfarandi hátt:

Lög þessi gilda um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Þau gilda þó ekki um innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og innheimtu lögmanna, hvort sem þeir eru sjálfstætt starfandi eða starfa hjá fjármálafyrirtækjum.

SFF benda á að með 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lögð til veruleg útvíkkun á starfssviði Fjármálaeftirlitsins. Virðast ákvæði norsku innheimtulaganna vera tekin upp í frumvarpið án þess að sérstaklega sé hugað að því um hversu víðtæka útvíkkun á starfsemi eftirlitsins er að ræða. Hafa þarf í huga að starfsemi norska Kredittilsynet er mun víðækari en starfsemi Fjármálaeftirlitsins hér á landi. Um þetta efni vísa SFF nánar til umsagnar Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. febrúar 2008, um frumvarpið. Að mati SFF eru engin rök sem mæla með því að Fjármálaeftirlitið gefi út starfsleyfi eða hafi eftirlit með fyrirtækjum sem sérhæfa sig í innheimtum enda slík fyrirtæki ekki fjármálafyrirtæki lögum samkvæmt. Starfsemi innheimtufyrirtækja, sem eru ekki fjármálafyrirtæki, á ekkert skylt við þá starfsemi sem talin er upp í 2. gr. laga nr. 87/1998 og því óeðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með henni. SFF telja því brýnt að tryggt verði að staðinn verði vörður um kjarnastarfsemi FME og öðrum aðila en því falið eftirlit með framkvæmd innheimtulaða því sambandi þarf þó að horfa til þess að þungt kerfi með mikilli yfirbyggingu er ekki til hagsbóta fyrir skuldara þar sem kostnaður af slíku eftirlitskerfi leggst með einum eða öðrum hætti á hann að lokum. Eðlilegra væri að hafa ströng hæfisskilyrði fyrir aðila sem sækjast eftir slíku leyfi og hafa litla yfirbyggingu eftirlitsstofnana. Telja SFF eðlilegt að viðskiptaráðherra eða Neytendastofa, sem hefur það meginhlutverk að treysta öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum, taki að sér útgáfu starfsleyfis.

Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu á grundvelli leyfis fráviðskiptaráðherra/Neytendastofu.

Um 3. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Lögmenn, opinberir aðilar og fjármálafyrirtæki mega þó stunda frum- og milliinnheimtu án innheimtuleyfis.

Um 4. gr.

SFF leggja til að danska aðferðin verði valin varðandi veitingu starfsleyfis og eftirlit með innheimtuaðilum þ.e. að hæfisskilyrði fyrir veitingu innheimtuleyfis verði gerð strangari en á móti dregið úr eftirliti með handhöfum innheimtuleyfis. Þó þannig að skýrt sé að neytendur geti kvartað yfir rangri meðferð til opinberra aðila, t.d. til Neytendastofu í a. lið 1. mgr. er miðað við að sá sem fær innheimtuleyfi þurfi að vera lögráða og hafi undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Í dönsku lögnum er miðað við að aðili sé orðinn 25 ára. Leggja SFF til að miðað verði við að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu lögræði og 25 ára aldur umsækjanda. Þá er að mati SFF rétt að miða einnig við að ekki hafi verið farið fram árangurslaust fjárnám hjá umsækjanda í stað þess að eingöngu sé miðað við að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Eðlilegt er að miða við þetta tímamark við innheimtu þar sem að mjög hefur dregið úr því síðustu ár að kröfuhafar krefjist gjaldþrotaskipta hjá einstaklingum og innheimta flest allra krafna hjá fjármálafyrirtækjum endar með árangurslausu fjárnámi en ekki gjaldþrotaskiptum. Samkvæmt framansögðu er lagt til að bætt verði við hæfisskilyrðum í a. lið 1. mgr. 4. gr. til samræmis við hæfisskilyrði 5. gr. dönsku innheimtulaganna. Lagt er til að a. liður 1. mgr. 4. gr. hljóði svo:

a) er lögráða og hefur náð 25 ára aldri og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun, verið gerðarþoli árangurslauss fjárnáms eða bú hans verið tekið til gjaldprotaskipta;

Til að auka hæfiskröfur til leyfishafa leggja SFF til að e-liður ákvæðisins hljóði svo:

e) er ekki í vanskilum með vörsluskatta né skuldar hinu opinbera fjárhæð sem er hærrí en 500.000 kr.

Þá leggja SFF til að hæfiskröfur leyfishafa verði auknar með því að bæta við nýjum lið við 4. gr., f lið, svohljóðandi:

f) hefur ekki á síðustu fimm árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum., sem mögulega veldur hættu á misnotkun á leyfi til að reka innheimtufyrirtæki, sbr. 6. gr. laganna.

Þá er í sama tilgangi lagt til að 2. mgr. 4. gr. hljóði svo:

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi stjórnarmenn lögaðilans og framkvæmdarstjóri skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laganna.

Um 12. gr.

Í dönsku innheimtulögunum er ekki gert ráð reglugerðarheimild til ráðherra þar sem gert er ráð fyrir þaki á innheimtubókun heldur er innheimta óhæfilegrar þóknunar brot á dönsku lögunum. Að mati SFF er eðlilegt að fella 12. gr. frumvarpsins brott en styrkja í staðinn 6. gr. sem fjallar um góða innheimtuhætti. Styrkja má ákvæðið með því að setja t.d. inn ákvæði um leiðbeiningaskyldu innheimtuaðila til skuldara. Þá er að mati SFF eðlilegt að mæla fyrir um að brjóti leyfishafi gegn góðum innheimtuháttum geti það varðað leyfissviptingu eða refsingu svo sem sektum ef sakir eru miklar.

Nýr kafli, 12. gr.

Lagt er til að við frumvarpið bætist nýr kafli, III. kafli, með heitinu „Starfsfólk innheimtuaðila“ og númer kafla sem á eftir koma breytist í samræmi við það.

Lagt er til að í kaflanum komi ein grein, 12. gr. sem hljóði svo:

Starfsfólk innheimtuaðila skal uppfylla eftirtalin skilyrði við ráðningu:

- a. vera fullra 18 ára*
- b. skuldi ekki vörsluskatta né skuldi opinberum aðilum fjárhæð sem er hærrí en 500.000 kr.*
- c. hafi ekki á síðustu fimm árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum, sem mögulega veldur hættu á misnotkun á á stöðu sinni.*

Um 15. gr.

SFF ítreka athugasemdir um að inn í frumvarpið vanti ákvæði um hvernig aðili sem sviptur hefur verið innheimtuleyfi geti öðlast leyfið að nýju.

SFF leggja til að 15. gr. laganna falli brott og eftirfarandi ákvæði komi í staðinn:

Ráðherra/Neytendastofa getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi samkv. 4. gr. laganna ef

- a. Leyfishafi hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum.*
- b. Skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur uppfyllt.*

Við andlát leyfishafa fellur leyfið sjálfkrafa niður. Dánarbú leyfishafa, getur sótt um heimild hjá ráðherra til að reka innheimtufyrirtæki í allt að 6 mánuði frá andláti leyfishafa en að þeim tíma liðnum fellur leyfið endanlega niður.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi til innheimtu samkvæmt lögum þessum getur ekki sótt um leyfi að nýju fyrr en ár er liðið frá því að hann missti leyfið og hann færir sönnur á að bætt hafi verið úr ágalla þeim er leiddi til sviptingar.

Aðili sem missir innheimtuleyfi í annað sinn getur ekki fengið innheimtuleyfi að nýju. Ef um er að ræða lögaðila sem sviptur er innheimtuleyfi gildir það sama um framkvæmdarstjóra og stjórnarmenn lögaðilans.

Um 16. gr.

Lagt er til að 16. gr. verði felld brott.

Um 19. gr.

Að mati SFF er gildistökuákvæði frumvarpsins ekki nægilega skýrt og er til þess fallið að skapa óvissu um gildistöku. SFF leggja til að lögin taki gildi 1. nóvember 2008, þannig að nægilegt svigrúm gefist fyrir alla aðila sem undir lögin heyra til að undirbúa sig í að framfylgja þeim.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.